



Forsætisráðherra, skýrslur 1969 - 1970

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Jónas Kristjánsson – Sveinn R. Eyjólfsson –
Rekstur dagblaðanna – Matthías Johannessen – Indriði G. Þorsteinsson – Magnús Pálsson –
Undirbúningsnefnd Þjóðhátíðar 1974

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-37, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

R. juráttisráðgjafi Bjarni Benediktsson

Trúnaðarmál

Rekstur dagblaðanna

=====

1. Inngangur
2. Fyrri skýrsla
3. Síðari skýrsla

Jónas Kristjánsson
Sveinn R. Eyjólfsson

Inngangur

=====

Í umræðum um styrki til dagblaðanna hefur nærri ekkert verið fjallað um leiðir, sem hafa í för með sér lítil eða engin útgjöld hins opinbera.

Hér verður fjallað um, hvernig aðstoða má dagblöðin án slíkra útgjalda, —með því að hjálpa þeim við að endurnýja tækjakost sinn.

Í fyrri skýrslunni er almennt spjall um stöðu dagblaðanna og hvernig megi bæta úr henni með samstarfi þeirri og róttækri endurnýjun tækjakosts.

Í síðari skýrslunni er dæmið reiknað fjárhagslega, byggt á nákvæmum upplýsingum. Sést þar, að sameiginlegt prentver fjögurra litlu blaðanna mundi kosta 20–24 milljónir króna án tolla. Ef blöðin vildu og gætu endurnýjað tækjakost sinn hvert fyrir sig, mundi sú upphæð samtals verða margfalt hærri.

Ennfremur sést þar, að rekstrarkostnaður hins sameiginlega prentvers yrði nokkru lægri en samanlagður kostnaður er nú. Er þá ekki tekið tillit til afskrifta, sem verða mun lægri í sameiginlega prentverinu. Öruggt er, að með slíku prentveri geta dagblöðin síðan endurnýjað tækjakostinn eðlilega, án þess að prentunarkostnaður hækki þess vegna frá því sem nú er. Nú geta dagblöðin með engu móti endurnýjað tækjakost sinn að neinu gagni. Þennan lið einan má meta til a.m.k. tveggja milljón króna sparnaðar á ári á hvert dagblað.

Ríkisvaldið getur stuðlað að þessari hagræðingu með fernu móti:

1. Tollar á vélum prentversins (sem væntanlega mundu nema 10% eftir inngöngu í EFTA) verði felldir niður. Þessi eftirgjöf nemur 2 m.kr.
2. Ef blöðin leggja sjálf fram 20% stofnkostnaðar, t.d. með sölu sinna gömlu tækja, þurfa þau að fá innanlands 16–20 milljónir króna að láni til langs tíma. Ríkisvaldið getur greitt fyrir því.
3. Ef stofnað verður sérstakt fyrirtæki til þess að reka sameiginlega prentverið, þarf það að njóta sömu fríðinda í sköttum og prentsmiðjur dagblaðanna njóta nú.
4. Ríkisvaldið getur haft hönd í bagga með endurnæfingu þeirra starfsmanna dagblaðanna, sem ekki geta fengið starf við hið nýja prentver, til þess að milda hin félagslegu vandamál, sem eru samfara breytingunni.

N.B. Morgunblaðið er ekki með í þessum áætlunum um samstarf, enda hefur rekstur þess ekki verið verulegt áhyggjuefni. En Morgunblaðið mundi vafalaust eiga rétt á hliðstæðri fyrirgreiðslu.

Undirritaðir eru sannfærðir um, að stuðningur af þessu tagi sé mikilvægari en nokkurt gjafafé.

Reykjavík, 23.nóvember 1969

Lucius P. Einarsson
Guðmundur Þorsteinsson

Skýrslur þessar eru sendar ráðherrum Sjálfstæðisflokksins

FYRRI SKÝRSLA

I. FJÁRHAGSERFIÐLEIKAR DAGBLAÐANNA.

Fjögur af fimm dagblöðum landsins hafa um langan aldur átt að stríða við mikla fjárhagserfiðleika eins og flestum er kunnugt. Þessir erfiðleikar hafa, þegar á heildina er litið, farið vaxandi á síðustu árum.

Erfiðleikar dagblaðanna fjögurra eru mismiklir, allt frá því, að reksturinn sé nálægt því að vera í jafnvægi, og yfir í nokkurra milljón króna tap á hverju ári. En jafnvel hin bezt settu þeirra geta með engu móti endurnýjað vélakost sinn með eðlilegum hætti. Á því sviði stefnir allt hraðbyri í algera sjálfheldu.

Skuggalegasta hlið málsins er þó sú, hve litlar vonir eru um úrbætur á þessu ástandi. Menn horfa annars vegar fram á stöðnun í tekjum og hins vegar vaxandi rekstrarkostnað.

Stöðnun í tekjum.

Dagblöð eru óvenju mikið lesin á Íslandi. Útbreiðsla þeirra er mjög mikil miðað við fólksfjölda. Það eru ekki líkur á, að útbreiðslan vaxi samtals meira en mannfjölguninni nemur, þótt eitt blað geti hins vegar aukið hlut sinn á kostnað hinna. Sömuleiðis eru ekki líkur á, að auglýsingar aukist samtals í þessum fjórum dagblöðum. Reynslan sýnir, að aukning auglýsinga kemur nærri eingöngu fram hjá Morgunblaðinu, þrátt fyrir harðvítuga viðleitni sumra annarra dagblaða, m.a. boð til auglýsenda um vildarkjör.

Ekki bætir úr skák, að síhækkandi rekstrarkostnaður þvingar dagblöðin til að síhækka verð blaðanna og auglýsingaverð, en slíkar hækkanir eru auðvitað ekki til þess fallnar að auka viðskiptin. En þessar hækkanir eru hið eina, sem blöðin hafa til að veða að nokkru upp á móti hraðvaxandi kostnaði.

Vaxandi kostnaður.

Við núverandi skipulag prentunar dagblaðanna er þess ekki að vanta, að hægt verði að draga úr rekstrar-kostnaði þeirra að nokkru ráði. Prentunin er þegar svo dýr, að aðrir kostnaðarliðir eru í svelt, svo sem rekstur ritstjórna, auglýsingadeilda og útbreiðslumála. Og það eru allar horfur á því, að prentunarkostnaður muni enn vaxa í náinni framtíð, bæði vegna sífelldra launahækkana og aukins kostnaðar við vélahald.

Vélakostur dagblaðanna fer sífelld hrörnandi, auk þess sem hann er orðinn úreltur og óhóflega mannaflafrekur miðað við nýjustu tækni. Viðgerðarkostnaður vex, bilanir verða tíðari, tafir meiri, og gæði prentunarinnar fara minnkandi. Verst er ástandið í prentvélunum. Um þær má yfirleitt segja, að menn búist á hverjum degi við, að þær segi sitt síðasta vers. Svipað er að segja um annan vélakost prentsmiðja dagblaðanna, nema hvað Tíminn og Vísir eiga góðar setjaravélar, sem gefa möguleika á sjálf-virkni í vinnslu.

Vítahringur.

Af framansögðu má vera ljóst, að ýmis samverkandi öfl valda fjárhagserfiðelikum dagblaðanna. Þetta er eins konar vítahringur, sem veldur því, að stöðugt sígur á ógæfuhliðina, nema gert sé átak til þess að reyna að stökkva út úr hringnum.

Sama sagan erlendis.

Þessi vandamál einkenna Ísland ekki sérstaklega. Um allan heim hefur harðnandi samkeppni leitt til fækkunar fyrirtækja í hverri grein, í dagblaðaútgáfu sem öðru. Þetta er út af fyrir sig eðlileg þróun. En í hverju lýðræðisríki verður samt að vera til lágmarksfjöldi dagblaða, svo að um einhverja fjölbreytni sé að ræða. Annars er einni af aðalstoðum lýðræðisins kippt undan því. Og augljóst er, að íslenzku dagblöðunum má ekki fækka mikið, því að þau eru aðeins fimm.

II. Aðgerðir til úrbóta.

Fjárhagserfiðleikar dagblaðanna hafa verið mjög til umræðu, t.d. meðal stjórnámálanna, enda snerta þeir stjórnmalin verulega, þar sem dagblöðin eru helzti vettvangur stjórnálaumræðna. Í þessum umræðum hafa komið fram hugmyndir um að fylgja fordæmi ýmissa annarra þjóða, sem eru farnar að styrkja dagblöð sín með einum eða öðrum hætti af almannafé. Í þessari greinargerð verður ekki vikið nánar að slíkum aðgerðum til úrbóta, heldur eingöngu rætt um möguleika dagblaðanna til sjálfshjálpar.

Samstarfsnefnd.

Sumarið 1968 var sett á stofn samstarfsnefnd þriggja dagblaða til að ræða sameiginlegar lausnir rekstrarvandamála þeirra. Í nefndinni eiga sæti Pétur Pétursson fyrir hönd Alþýðublaðsins, Kristján Benediktsson fyrir hönd Tímans, Sveinn R. Eyjólfsson og Jónas Kristjánsson fyrir hönd Vísis. Síðan hefur bætzt í nefndina Eiður Bergmann fyrir hönd Þjóðviljans. Þessi nefnd hefur haldið nokkra fundi. Hún er óformleg og án formanns, en ritari og fundaboðandi hefur verið Jónas Kristjánsson.

Prentunarkostnaður í sviðsljósinu.

Viðræðurnar hafa frá upphafi fyrst og fremst snúizt um prentunarkostnað og prentækni, enda voru menn sammála um, að á þeim sviðum mætti helst vænta úrbóta. Voru ræddar ýmsar nýjungar á þeim sviðum og öfluðu Sveinn R. Eyjólfsson og Jónas Kristjánsson ýmissa upplýsinga um verð og eiginleika ýmissa prentækja.

Ráðgjafi nefndarinnar.

Samstarfshugleiðingarnar fengu byr undir báða vængi, þegar Pétur Pétursson hafði fengið Norðmanninn Johann Ona til að verða ráðgjafi nefndarinnar. Johann Ona

rekur Norsk Arbeiderpresse A/S, sem er sameiginlegt fyrirtæki 40 blaða jafnaðarmanna, þar af 34 dagblaða. Verkefni fyrirtækisins hefur verið að efla samstarf þessara blaða, einkum á tæknisviðinu, og innleiða nýjungar í rekstri þeirra. Ótrúlegur árangur hefur náðst með þessu móti og er það ekki sízt Johann Ona að þakka. Hann er nú orðinn heimspektur á þessu sviði og vinnur mikið að því að bjarga dagblöðum jafnaðarmanna erlendis. Er varla ofmælt að telja Johann Ona reyndasta og hæfasta sérfræðing heimsins í tæknimálum lítilla dagblaða.

Johann Ona hefur tvisvar komið til Íslands árið 1968 til að ræða vandamál íslenzku dagblaðanna og þess á milli sent samstarfsnefndinni skýrslur og aðrar upplýsingar, sem hér verður síðar vikið að. Einnig hefur Sveinn R. Eyjólfsson heimsótt Ona í skrifstofu hans í Oslo til skrafs og ráðagerða.

Tvíþættar úrbætur.

Í stórum dráttum er fyrsta niðurstaða þessara viðræðna sú, að íslenzku blöðin geti bætt rekstur sinn með:

1. Sameiginleg notkun tækjakosts.
2. Notkun nýjustu og ódýrustu tækni með því að sameina hinn einfalda framleiðsluhátt offsetprentunar og nútíma sjálfvirkni og rafeinda-tækni.

Aður en nánar verður farið út í þessa sálma, skal fyrst vikið að skýrslum Johanns Ona. Fer hér á eftir úrdráttur úr upphafsskýrslu hans:

III. Tæknileg samvinna hinna fjárvana Reykjavíkurblaða. (Úrdráttur úr skýrslu Johanns Ona)

" Í öllum hinum vestræna heimi er ástandið í dagblaðaútgáfunni þannig, að einungis útbreiddasta dag-

blaðið á hverjum stað hefur fjármál sín í lagi. Þau blöð, sem ekki eru útbreiddust á sínum stað, lenda fyrr eða síðar í þeirri aðstöðu að geta ekki náð hagkvæmum rekstri nema með tæknisamvinnu, dreifingarsamvinnu o.s.frv. til þess að lækka rekstrarkostnaðinn.

Án þess að ég sé kunnugur fjármálum íslenskra dagblaða, virðist mér vera ljóst, að þau muni heldur ekki geta komizt hjá blaðadauðanum, sem ásækir bókstaflega öll lönd, nema þau komi með einhverjum hætti á tæknilegri og hagrænni samvinnu, og það helzt áður en hinir miklu erfiðleikar byrja fyrir alvöru.

Mér skilst, að þrjú af fjórum umræddum dagblöðum hafi eigin prentvélar, en að þær séu lélegar. Ósennilegt er, að ávinningur sé í því að reyna að nota einhverjar þessarar prentvéla til þess að prenta fjögur dagblöð í senn.

Offset-hraðpressa.

Mitt álit er, að nú á dögum sé enginn vafi á, að ekki komi annað til greina en offset-hraðpressa, ef kaupa þarf nýja prentvél. Ástæðan fyrir því, að ég dreg þessa ályktun skilyrðislaust, er sú, að hún er byggð á þeirri reynslu, sem 34ra dagblaða hópur okkar í Noregi hefur aflað sér í offsetprentun. Við byrjuðum á offseti á einu dagblaði 1. febrúar 1965. Í árslok 1967 höfðum við offsetprentun á 9 dagblöðum. Og um áramótin 1968 - 1969 munum við hafa 15-16 offset-dagblöð. Og þessi þróun mun halda áfram.

(Síðar er birtur úrdráttur úr grein eftir Ona um kosti og galla offsetprentunar).

Sameiginleg setning og prentun.

Heppilegast fyrir þessi fjögur íslensku dagblöð væri að sjálfsögðu að mynda sameiginlegt fyrirtæki til þess að setja upp sameiginlega prentsmiðju og setningarsal til þess að setja og prenta þau blöð, sem vilja vera

í slíku félagi, og ef til vill einnig til þess að selja út þjónustu til annarra. Viðkomandi dagblöð séu eigendur og hluthafar prentfélagsins.

Sameiginleg prentun mun að sjálfsögðu hafa í för með sér lækkaðan fjárfestingarkostnað og lækkaðan prentunarkostnað. Slík samvinna ætti líka að gera kleift að lækka setningarkostnaðinn, bæði í efni og auglýsingum, mjög verulega, og það án þess að hin einstöku blöð þurfi þess vegna að glata sérkennum sínum í efnisvali né útliti.

Einnig er hugsanlegt, að dagblöðin komi sér upp sameiginlegri prentsmiðju, en haldi eigin setjarasölum. Þá sér hvert dagblað fyrir sig um að setja efnið og brjóta það um í síður. Síðurnar eru þá fluttar í formi pappírsarka í hina sameiginlegu prentsmiðju, þar sem tekin er filma og plata af hverri síðu og sett í prentvélina.

Ljóst er, að þessi síðari kostur er ekki eins hagkvæmur og hinn fyrri, en hann kemur vissulega til greina.

Í báðum tilvikum á að vera hægt að koma upp sameiginlegri blaðapökkun, dreifingu og ýmsu öðru, sem getur sparað kostnað.

Ríkið veiti aðstoð.

Það er álit mitt, að ríkið verði að koma til skjalanna með einhverjum hætti, ef hægt á að vera að tryggja fjölbreytta dagblaðaútgáfu á Íslandi. Það verður t.d. gert með því að fella niður tolla eða önnur gjöld á prentunarvélunum og með því að útveguð séu sanngjörn lán til kaupanna. Ríkið þarf líka að geta aðstoðað, ef þarf að byggja eða kaupa húsnæði undir starfseminum til þess að ná hagkvæmu skipulagi á rekstrinum.

Slíka aðstoð er hægt að veita með ýmsum hætti, en ég tel varla rétt, að ég komi með tillögur um það efni."

IV. Hvers vegna offsetprentun ?

(Hér birtist úrdráttur úr greinargerð Ona um kosti og galla offsetprentunar)

"Tilkoma offsetprentunar í framleiðslu dagblaða er án nokkurs vafa merkasta breytingin, sem orðið hefur síðan 1886, þegar fyrsta setjaravélin var fundin upp, sem í höfuðdráttum er eins enn í dag.

Offsetprentun er meira en 60 ára gömul. Þess vegna er von, að menn spyrji hvers vegna hún hefur ekki verið notuð af dagblöðum nema síðustu 10 - 12 árin.

Meginástæðurnar eru þessar: Til skamms tíma hafa ekki verið til fullnægjandi offset-hraðpressur fyrir kröfur dagblaðanna. En mikilvægast var, að það tók of langan tíma að grafa síðurnar á plöturnar, sem fara á prentvélavalsana. Og þar að auki voru filmurnar og plöturnar og dýrar.

Þetta hefur allt gerbreytt á síðustu árum. Nú eru framleiddar margar tegundir offset-hraðpressna, sem prenta 10.000 - 65.000 eintök á klukkutíma. Filmu- og plötuverð hefur stórlækkað. Og nú tekur ekki nema 45 sekúndur að grafa á offsetplötu í stað 48 mínútna áður.

En ekki hefur síður verið mikilvæg þróun filmu- setningarvéla og annarra véla, sem ekki þurfa að nota bráðið blý til framleiðslunnar.

Eins og sprenging.

Í Bandaríkjunum voru árið 1961 aðeins 2 offset-dagblöð. Í árslok 1967 voru þau orðin 403 talsins, fyrir utan 2000 offset-vikublöð. Þetta eru flest lítil dagblöð; aðeins 6 af 403 hafa meira upplag en 40.000 eintök. Þessi sama þróun fer nú eins og eldur í sinu um Norðurlönd.

Það er nú hægt að telja á fingrum annarar handar þau blöð á Norðurlöndum, sem velja venjulega hraðpressu í stað offset-hraðpressu, þegar þau þurfa að skipta um prentvélar.

Fyrir okkur sem störfum að blaðaútgáfu jafnaðarmanna í Noregi var erfiðast að setta okkur við tilhugsunina um að geta ekki lengur notað setjaravélar, sem voru margar bæði nýlegar og afar dýrar. Það var ekki auðvelt að taka slíka ákvörðun fyrir 34 dagblöð. En við létum slag standa og hófum að taka upp filmusetningu í stað blýsetningar. Nú sjáum við ekki eftir því að hafa tekið þessa erfiðu ákvörðun. Afköst hinna nýjustu rafeindavéla til filmusetningar eru margföld á við gömlu setjaravélar, enda eru þær fyrrnefndu miklu sjálfvirkari.

Ég get fullvissað ykkur um, að höfum við verið í vafa árið 1964, þegar við byrjuðum á að innleiða offset hjá okkur, þá er ég í dag sannfærður um, að þetta var rétt ákvörðun, sem við munum stórgræða á."

V. Íslenzka dæmið í heild.

Johann Ona kom í seinni ferð sína til Íslands í árslok 1968. Hélt hann þá fundi með öllum aðilum samstarfsnefndarinnar og vann að útreikningum með henni. Í samræmi við þarfir dagblaðanna og meðmæli Johanns Ona með ákveðnum tegundum var sett upp kostnaðaráætlun fyrir sameiginlega prentsmiðju.

Það kom í ljós, að mestur sparnaðurinn er, þegar eitt morgunblað og eitt síðdegisblað sameinast um tæki, því að þá rekast vinnslutímarnir ekki á. Sparnaðurinn til viðbótar er minni, þegar fleiri morgunblöð bætast við, því að þá þarf að auka afköst vélanna til samræmis. En eigi að síður er hagkvæmasta lausnin sú, að öll umrædd fjögur dagblöð sameinist um öll prentunartæki. Þá væri ekkert því til fyrirstöðu, að Morgunblaðið tæki þátt í samstarfinu, ef það vildi, en slíkt mundi ekki hafa í för með sér neinn viðbótarsparnað, því að þá yrði

álagið svo mikið á prentunartíma morgunblaðanna, að
nýjan umgang þyrfti af öllum tækjum.

Reykjavík, 20. apríl 1969.

Steinn P. Þorsteinsson

Síðari skýrsla

PRENTSMIDJA FJÖGURRA DAGBLADA STOFN- OG REKSTRARKOSTNADUR

Í framhaldi af undanfarandi athugunum á bættum rekstri dagblaðanna með hugsanlegri stofnun sameiginlegrar offset-prentsmiðju fóru fulltrúar fjögurra íslenskra dagblaða í kynnisferð til Noregs og Kaupmannahafnar dagana 10.-15. september 1969. Erindið var að kynna sér nýjungar í offset-prentun dagblaða, einkum hjá dagblöðum Norsk Arbeiderpresse, sem stendur mjög framarlega á þessu sviði. Sáu starfsmenn Norsk Arbeiderpresse, Johan Ona framkvæmdastjóri og Peder Holm skrifstofustjóri, að töluverðu leyti um skipulagningu ferðarinnar, og var Holm með Íslendingunum mestallantímamann.

Fulltrúi Alþýðublaðsins í ferðinni var Ásgeir Jóhannesson forstjóri. Fulltrúi Tímans var Kristján Benediktsson, framkvæmdastjóri blaðsins. Fulltrúi Vísis var Sveinn R. Eyjólfsson, framkvæmdastjóri blaðsins. Fulltrúi Þjóðviljans var Eirður Bergmann, framkvæmdastjóri blaðsins. Enn fremur var með í ferðinni Jónas Kristjánsson, ritstjóri Vísis, sem hefur starfað mikið að undirbúningi málsins fyrir öll blöðin sameiginlega.

Mestum tíma var varið í að skoða prentsmiðjur Rogalands Avis í Stafangri, Sörlandet og Tiden í Chistianstrand og Telemark Arbeiderblad í Skien. Öll þessi blöð eru af stærðargráðu íslensku blaðanna og hafa komið sér upp flestum þeim tækjum, sem áhugaverðust þykja í offset-tækni.

Á öllum stöðunum talaði hópurinn ítarlega við ráðamenn fyrirtækjanna og skoðuðu prentsmiðjurnar mjög rækillega. Var rætt við starfsmennina, sem önnuðust vélarnar. Afköst, ending, bilanir og annað í sambandi við vélarnar var útskýrt. Enn fremur sáu leiðangursmenn á öllum stöðunum vélarnar í vinnslu.

Rogalands Avis vakti sérstaka athygli leiðangursmanna fyrir húsnæðið, sem er sérstaklega byggt fyrir þennan rekstur. Öll starfsemi blaðsins fer þar fram undir einu þaki og með haganlegum hætti. Telemark Arbeiderblad vakti hins vegar sérstaka athygli fyrir tæknibúnað, sem var hinn fullkomnasti, er leiðangursmenn sáu í ferðinni.

Eftir skoðunarferðina, sem stóð frá miðvikudegi til föstudags, var helginni varið til funda með ráðamönnum Norsk Arbeiderpresse. Var þar farið yfir niðurstöður skoðunarferðarinnar og rætt um mismunandi hagkvæmni hinna ýmsu véla. Að því loknu var farið yfir stofnkostnaðaráætlun þá, sem áður hafði verið gerð, og gerðar á henni nokkrar breytingar í samræmi við hina nýju reynslu. Loks var farið yfir alla rekstrarkostnaðarliði offset-prentsmiðju, svo að síðar yrði hægt að bera þá saman við kostnaðarliði núverandi dagblaðaprentsmiðja í Reykjavík.

Enn fremur ræddu leiðangursmenn við sölustjóra Goss prentvéla í Noregi og létu hann hafa nauðsynlegar upplýsingar um, hvernig væntanlegt tilboð Goss um sölu prentvélar ætti að líta út. Hefur tilboð þeirra síðan borizt, endurnýjað, en þeir höfðu þegar á síðastliðnu ári gert tilboð í þessu sambandi.

Johan Ona tjáði leiðangursmönnum, að fyrirtæki hans væri fúst til að veita hverja þá aðstoð, sem möguleg væri, svo sem að beita áhrifum þess til lækkunar á verði véla og fækstrarvara, og ráðgjöf í sambandi við slíka samninga. Enn fremur sérfræðilega aðstoð, er varðar innréttingu og skipulagningu hugsanlegrar offset-prentsmiðju íslensku dagblaðanna.

Á grundvelli ferðarinnar hefur nú verið gerð ný stofnkostnaðaráætlun og enn fremur rekstrarkostnaðaráætlun, og fylgir hvort tveggja hér á eftir.

Flestir liðir upprunalegu stofnkostnaðaráætlunarinnar eru óbreyttir. Einn liður hækkar þó verulega. Er það prentvélin sjálf, og stafar hækkunin af því, að nú er talið

ráðlegast að kaupa fimm prenteiningar í stað fjögurra áður. Hver viðbótareining kostar um það bil 1,5 milljónir króna. Heildarstofnkostnaðurinn hækkar einmitt um þessa upphæð, úr 17 milljónum króna (fyrir utan tolla, söluskatt og húsnæði) í 18,5 milljónir króna.

Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar, en þær jafnast upp fjárhagslega í heildarniðurstöðunum. Tekið hefur verið sérstakt tillit til neyðartilfella, þannig að hindrað á að vera, að framleiðslan stöðvist, ef flókin vél bilar. Er því í nýja dæminu gert ráð fyrir kaupum á tveimur fyrirsagnavélum í stað einnar áður og á tveimur ódýrum plötuf framköllunarvélum í stað einnar dýrari áður. Eins og dæmið lítur út nú, á að vera fólgið í því sérlega mikið rekstraröryggi. En það er mjög mikilvægt, því að margar hinna nýju véla eru mjög flóknar að innri gerð, og sérfræðilega kunnáttu þarf til að gera við þær.

Eftir að ferðin var farin, hefur komið í ljós, að mjög er óvíst, að IBM geti afgreitt setningartölvur með íslenskri stafagerð. Höfum við því orðið að setja upp varaáætlanir um stofnkostnað (og rekstrarkostnað einnig), byggðar á notkun annarra tækja. Við það hækkar stofnkostnaðurinn yfirleitt nokkuð.

Loks höfum við bætt nýjum lið inn í stofnkostnaðinn, en það er áætlaður kostnaður við innréttingar, námskeið, námsferðir og annar "startkostnaður" hins nýja fyrirtækis, alls 1,5 milljón krónur.

Stofnkostnaður (án tolla)

A. Repro-deild

Myndavél (Nuarc)	440.000
Plötuf framköllunarvél (Nuarc)	280.000
Framköllunarvaskar	100.000
Þurrkskápur	45.000
	<hr/>
	865.000
Flutn., trygg., uppsetning	135.000
	<hr/>

1.000.000

B. Umbrots-deild

2 fyrirsagnavélar (Morisawa)	695.000
Prófarkapressa (Vandercook)	195.000
2 límvélar (Practical)	} 105.000
2 skurðvélar (Klimsch)	
2 ljósborð (Nuarc)	65.000
Nokkur vinnuborð (Deksion)	55.000
Smáhlutir (skæri, lampar o. fl.)	105.000
	<u>1.220.000</u>
Flutn., trygg., uppsetning	<u>80.000</u>

1.300.000

C. Prentvél

Goss Community m.5 prentein- ingum og Suburban brotvél og með ýmsum auka- og vara- hlutum	9.500.000
Flutn., trygg., uppsetning	<u>500.000</u>

10.000.000

D. Setningar-deild

IBM-kerfi: 7 vélritunarkúlur	500.000
2 útskrifarar	2.340.000
varaútskrifari	440.000
6 innskrifarar	<u>2.580.000</u>
	5.860.000
Flutn., trygg., uppsetning	<u>140.000</u>

6.000.000

E. "Startkostnaður"

1.500.000

F. Ófyrirséð

200.000

20.000.000

Varaáætlanir, ef IBM er ekki notað
(IBM er afkastameiri en hin tækin. Það
þarf því fleiri tæki af hinum):

1. IBM kostar samtals 6.000.000

2. Fairchild (3 útskrifarar og 8 innskrifarar) samtals 9.800.00. Hækkun 3,8 m. Heildarkostnaður verður þá	<u>23.800.000</u>
3. Justowriter (8 útskr. og 8 innskr.) Samtals 6.400.000. Hækkun 0,4 m. Heildarkostnaður verður þá	<u>20.400.000</u>
4. Photon (2 útskrifarar og 8 innskrifarar) samtals 8.700.000. Hækkun 2,7 m. Heildarkostnaður verður þá	<u>22.700.000</u>

Rekstraráætlun offset-prentsmiðju, miðað við prentun og setningu hinna fjögurra umræddu dagblaða:

Hin nýja prentsmiðja þarf þessar rekstrarvörur á ári (flutningur, geymsla, tollur og söluskattur innifalin):

Offset-plötur (Algrafi)	1.700.000
Síðufilmur (Ilford)	850.000
Myndafilmur (Ilford)	500.000
Kemiköl fyrir plöturnar	125.000
Kemiköl fyrir filmurnar	20.000
Farvi í prentvélina	680.000
Litabönd í IBM-kerfi eða filmupappír	
í önnur hliðstæð kerfi	600.000
Ýmislegt smádót	<u>125.000</u>
	4.600.000

Hin nýja prentsmiðja þarf eftirfarandi mannahald:

Á.	2 yfirmenn (forstjóri og 1 verkstjóri)	
	15 vélritunardömur (2 vaktir)	
	16 umbrotsmenn (2 vaktir)	
	4 repro-menn (2 vaktir)	
	6 pressu-menn með aðstoðarm. (2 vaktir)	
	2 almennir aðstoðarmenn	
	—	
	45 starfsmenn, þar af	
	30 með 400.000 kr. launakostnað á ári	12 millj.
	15 með 300.000 kr. launakostnað á ári (vélr.)	4,5 "
		<u>16,5 m.</u>

B. Ef önnur kerfi en IBM eru notuð, þarf fleiri vélritunarstúlkur vegna seinvirkari vinnuágerða (19 stúlkur í stað 15). Launakostnaður þeirra verður 5,7 m. í stað 4,5 m.

Launakostnaður verður þá alls 18,2 m.kr.

N.B. Í fyrra tilvikinu er um að ræða mannaflaspárnað frá núverandi rekstri, sem nemur ca. 15 mönnum, en í síðara tilvikinu nemur hann 11 mönnum. Skrifstofufólk (2 stúlkur) er ekki meðtalið, því að samsvarandi kostnaður kemur ekki fram í tölunum um rekstur dagblaðanna, eins og hann er núna.

Athugasir á sundurliðuðum rekstrarkostnaði prentsmiðja dagblaðanna árið 1968, svo og áætlun miðað við gildandi verðlag í október 1969. Til samanburðar áætlunin um rekstrarkostnað nýrrar offset-prentsmiðju dagblaðanna miðað við verðlag í október 1969:

Rekstrarliðir (millj. króna)	Tíminn		Vísir		Þjóðviljinn		Alþýðublaðið		Samtals	
	1968 - okt. 1969	1969	1968 - okt. 1969	1969	1968 - okt. '69	1969 - okt. '69	1968 - okt. '69	1969 - okt. '69	1968 - okt. '69	1969 - okt. '69
Viðhald	0,370	0,555	0,270	0,405	0,180	0,270	0,180	0,270	1,000	1,500
Efniskostnaður	0,480	0,720	0,290	0,435	0,220	0,330	0,330	0,495	1,320	1,980
Þjónusta	0,300	0,360	0,245	0,294	0,425	0,510	0,250	0,300	1,220	1,464
Laun	5,750	7,475	4,350	5,655	3,950	5,135	3,160	4,108	17,210	22,373
Samtals	6,900	9,110	5,155	6,789	4,775	6,245	3,920	5,173	20,750	27,317
								Ófyrirséð ca. 10%		2,750
										<u>Kr. 30.000</u>

Áætlun um rekstur offset-prentsmiðju:


	A.	B.
Viðhaldskostnaður	1,000	1,000
Efniskostnaður	4,600	4,600
Þjónusta	1,600	1,600
Laun	17,000	18,200
	<u>24,200</u>	<u>25,400</u>
Ófyrirséð 10%	2,400	2,500
	<u>26,600</u>	<u>27,900</u>

A = Miðað við I.B.M. kerfi

B = Miðað við önnur kerfi

Samkvæmt áðurgreindum niðurstöðum á rekstraráætlun hinnar nýju prentsmiðju og samanburði við núverandi rekstur á prentsmiðjum blaðanna má ætla, að beinn sparnaður sé 3 til 4 milljónir króna á þeim liðum, er eingöngu varða sjálfa vinnslu blaðanna. Eftir er þá að athuga sparnað við sameiginlega dreifingu, pökkun og annað þess háttar. Auk þess hefur engin tilraun verið gerð í þessari skýrslu til að sýna fram á aukna tekjumöguleika blaðanna með tilkomu offset-tækni, enda sjálfsagt, að slík athugun sé gerð í "privat" dæmi hvers blaðs. Þá hefur heldur ekki verið sett upp "pay out" fyrir hið nýja fyrirtæki, þar sem ofangreindar athuganir eru hugsaðar sem helztu niðurstöður þess, sem þegar hefur fram komið í málinu og ætlaðar sem eins konar kapitulaskipti í umræðum um það; en ekki endanlegar niðurstöður dæmisins. Til þess að slíkt megi gerast, þarf að taka til rækilegrar meðferðar þátt hvers blaðs fyrir sig í notkun tækjakosts og vinnuafls o.s.frv., og ástæðulaust að fara nánar út í þau atriði á þessu stigi málsins.

15. október 1969



Jónas Kristjánsson
Dagblaðið Vísir

15. marz, 1970.

Hr fjármálaráðherra
Magnús Jónsson.
Fjármálaráðuneytið.

Fulltrúar fjögurra dagblaða, Alþýðublaðsins, Tímans, Vísis og Þjóðviljans, hafa falið undirrituðum að fara þess á leit við fjármálaráðuneytið, að það hlutist til um, að ekki þurfi að greiða toll né söluskatt af innfluttum tækjum til þeirrar sameiginlegu prentsmiðu, sem þessi blöð hafa hug á að stofna.

Stofnkostnaður prentsmiðjunnar er áætlaður samkvæmt tilboðum 20 milljón krónur. Tollar og söluskattur gætu numið tæpum 5 milljónum króna til viðbótar. (Sjá fylgiskjal nr.1) Gert er ráð fyrir því, að smiðjan verði í leiguhúsnæði.

Öll þessi dagblöð hafa nú að mestu leyti ónýtan vélakost, sem endurnýja þarf mjög skjótlega. Ef núverandi vélakostur væri endurnýjaður með hliðstæðum tækjum og áður, mundi það kosta samtals 100 milljónir króna án tolla og söluskatts (25 milljónir á hvert blað). En færu þau hvert fyrir sig út í offset-tækni, mundi sú endurnýjun kosta samtals 70 milljónir króna án tolla og söluskatts (17 milljónir á hvert blað).

Hin sameiginlega prentsmiðja kostar aðeins 20 milljónir, af því að hún nýtir allan tækjakost margfalt betur en einstakar prentsmiðjur mundu gera. Hún er eina leið blaðanna til að ráðast í þá endurnýjun, sem nauðsynleg er.

Sparnaðurinn kemur fram í eftirfarandi:

1. Rekstrarkostnaður fyrir utan vexti og afborganir lækkar um ~~3,4~~ 3,4 milljónir króna frá núverandi rekstri.
2. Vaxta- og afborganakostnaður lækkar (í samanburði við uppbyggingu prentsmiðjanna hveurrar fyrir sig) um 9-15 milljónir króna (eftir því hvort miðað er við 17 eða 25 milljón króna

prentsmiðju á hvert blað), ef reiknað er með 10 ára afskriftatíma.

Þessi sparnaður nemur alls 3-4,5 milljónum króna á hvert blað, ef miðað er við, að þau hafi fullar afskriftir í núverandi ástandi, sem þau að vísu ekki hafa, en þyrftu að hafa.

Allar eru ofangreindar tölur miðaðar við, að tollar og sölu-skattur fáiist með einhverjum hætti gefnir eftir eða endurgreiddir.

Vonum við, að hægt verði að leysa þann vanda. Ef það yrði til þess, að málið næði að komast í framkvæmd, er það mikilvægari stuðningur hins opinbera en nokkur blaðastyrkur getur orðið. Og framkvæmd hugmyndarinnar um hina sameiginlegu prentsmiðju er beinlínis lífsspursmál fyrir sum þessara blaða, sem nú ramba á barmi hruns vegna úreldingar tækja og óhagkvæms rekstrar.

Virðingarfyllt

Jónas Kristjánsson ritstjóri

Hjálagt: Fylgiskjal nr. 1 um f.o.b. verð tækja.

Afrit þessa bréfs einnig send ráðherrunum Bjarna Benediktssyni, Jóhanni Hafstein og Ingólfi Jónssyni. Jafnframt er minnt á skýrslur þær, sem ég hef áður sent þessum fjórum ráðherrum um þetta efni. Þær skýrslur eru ekki lengur trúnaðarmál.

MEÐ BEZTU KVEÐJUM

Bjarna Benediktssonar

DAGBLAÐIÐ **VÍSIR**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 3. desember 1969.

Hr. forsætisráðherra,
dr. Bjarni Benediktsson.

Hér með sendi ég yður, hæstvirtur forsætis-
ráðherra, ljósprent af bréfi, sem Þjóðhátíðarnefnd
1974 hefir borizt um bruna á líkani af sögualdarbæ.

Virðingarfyllt,

Mabiraf Haukur

Samþykktir, gerðar á fundum þjóðhátíðarnefndar 1974:

Á 2. fundi nefndarinnar 19. okt. 1966:

Tekin yrði saman skrá yfir samtök fyrir næsta fund.

Á 3. fundi 10. febr. 1967:

Formaður og ritari semdu greinargerð til Alþingis og ríkisstjórnar.

Á 4. fundi 17. febr. 1967:

Á þessum fundi greindi Gils Guðmundsson frá ýmsum atriðum, sem einkenndu þjóðhátíðina gömlu 1874, og var honum falið að gera fyllri athugun á henni og taka saman greinargerð til afnota fyrir nefndina. Tók Gils að sér að semja slíkt yfirlit.

Á 5. fundi 23. febr. 1967:

Ritara falið að skrifa uppkastið að greinargerðinni til ríkisstjórnarinnar á ný og leggja það fyrir næsta fund.

Á 6. fundi 10. marz 1967:

Greinargerðin lögð fyrir fundinn. Höskuldi Ólafssyni falið að semja viðbótarkafla um, að kostnaður af hátíðahöldunum lenti ekki allur á ríkinu, heldur tækju ýmis samtök og héruð þátt í þeim.

Á 7. fundi 15. marz 1967:

Uppkastið að greinargerðinni rætt. Viðbótin frá Höskuldi Ólafssyni um, að kostnaðinum yrði skipt, felld inn í og greinargerðin þannig samþykkt.

Á 10. fundi 17. febr. 1968:

Samþykkt drög að vinnuáætlun, sem fram var borin af Höskuldi:

1968: Byggingarmál - Íslandssaga - Samstarfið við Reykjavík - Sögualdarbær - Þingvallavegur.

1969: Listasamkeppni (Dómnefndir) - Sögusýning - Bókaútgáfa - Sögustaðamerkingar (ungmennafélög) - Sýsluhátíðir (sýslunefndir) - Landssamtök (iðnaðarsamtök, landbúnaðarsamtök, alþýðusamtök, sjávarútvegssamtök, verzlunarsamtök, Í.S.Í. og U.M.F.Í.).

1970: Þjóðhátíðarhald - Listsýningar.

1971: Frímerkjaútgáfa - merki o, fl.

1972: Erlendir boðsgestir - upplýsingaherferð.

framh. 10. f., 17. febr. 1968:

Jafnframt voru gerð lausleg drög að verkaskiptingu nefndarmanna eftir málaflokkum:

Sögusýning: Gísli Jónsson, Gils Guðmundsson

Bókaútgáfa: Indriði G. Þorsteinsson og Gils Guðmundsson.

Listsýningar: Guðlaugur Rósinkranz og Gunnar Eyjólfsson.

Byggingarnefnd: Höskuldur Ólafsson og Guðlaugur Rósinkranz.

Ennfremur var formanni og ritara falið á þessum fundi að ræða við Kristján Eldjárn þjóðminjavörð um sögualdarbæ og Geir Hallgrímsson út af samvinnu við Reykjavíkurborg.

Á 13. fundi, 16. júlí 1968:

Samb. samhljóða tillaga frá formanni:- Að fengnir verði hjá Húsameistara ríkisins tillöguupprættir að gistihúshyggingu á Þingvöllum og líkan, sem unnt verði að sýna Alþingi. - Að hafizt verði handa um gerð lókana af sögualdarbæ og þingbúð, sem hægt væri að reisa, enda mætti hafa þessi líkön til sýnis og kennslu í skólum.

Samb. tillaga frá Höskuldi um að semja greinargerð um safnahúsið fyrir haustið, og var þeim formanni og Gils falið að gera það.

Samb. var að senda vegamálastjóra bréf með svofelldri ályktun: Nefndin beinir þeim tilmælum til vegamálastjóra, að hann beiti sér fyrir umbótum á Þingvallavegi þannig, að vegurinn verði fær um að anna þeimri miklu umferð, sem samfara verður þjóðhátíðarhaldi á Þingvöllum sumarið 1974. Jafnframt setur nefndin fram óskir um, að kappkostað verði, eftir því sem föng eru á, að ljúka vegalögn með varanlegu slitlagi á Þingvallaleið fyrir árið 1974.

14.

A/ fundi nefndarinnar, 7. febr. 1969:

Samb. svofelld tillaga frá formanni:

Þjóðhátíðarnefnd hefur á fundi sínum, 7. febr. 1969 haft til meðferðar hluta líkans af sögualdarbæ og teikningar af honum, sem þeir Hörður Ágústsson og Magnús Pálsson hafa gert. Kostnaður við gerð líkansins getur ekki orðið undir 100 þús. kr., og hafa Hörður og Magnús skýrt það fullnægjandi fyrir nefndinni. Í ljósi þeirra gagna og þeirra upplýsinga, sem komið hafa fram á fundinum, lýsir nefndin sig samþykka því, að smíðinni verði haldið áfram.

Samb. að nefndin ítreki fyrri afstöðu sína í safnsmálinu og lýsi þvíyfir, að hún telji eðlilegt og sjálfsagt að þjóðin

byggi sér þjóðbókasafnshús á 1100 ára afmæli byggðar landsins og að þjóðbókasafnshús verði stærsta gjöfin, sem þjóðin færi sjálfri sér á afmælinu. Þessari niðurstöðu

Einnig samþ. að skýra forsætisráðherra frá því/bréflega, einnig tilkynna honum bréflega samþykktina um sögualdarbæinn og skýra frá því, að áfram verði haldið með undirbúning að byggingu gistihúss á Þingvöllum og að unnið sé að teikningum hjá Húsameistara ríkisins, og að síðustu athuga um viðhorfin til Íslandssögunnar og gerð hennar og hverjum verði falið að skrifa hana.

Samþykkt till. Höskuldar um að halda fundi í nefndinni mánaðarlega.

Á 16. fundi, 18. okt. 1969:

Formanni falið að ræða við forsætisráðherra um starfsreglur fyrir nefndina.

Höskuldi Ólafssyni falið að kalla formann Ferðamálaráðs til viðræðna út af hóteli á Þingvöllum o.s.frv.

Gísli Jónsson lagði til, að heimspekideild Háskólans yrði skrifað um það, hvort hún treysti sér til að sjá um framkvæmd við samningu Íslandssögu.

Höskuldi falið að ræða við forsætisráðherra um hugsanlega þátttöku Ferðamálaráðs í byggingaframkvæmdum á Þingvöllum.

Á 17. fundi, 17. jan. 1970.

Samþ. tillaga frá Gils Guðmundssyni:

Framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs taki að sér að boða til fundar með fulltrúum þjóðhátíðarnefndar, þeim Guðlaugi Rósin-kranz og Höskuldi Ólafssyni ásamt fulltrúum og framkvæmdastjórum fyrrgreindra fyrirtækja.

Samþ. tillaga formanns um, að ritara yrði falið að senda blöðum, sjónvarpi þg útvarpi fréttatilkynningu um samþykkt nefndarinnar varðandi væntanlega byggingu þjóðarbókhlöðu.

Á 18. fundi, 28. febr. 1970:

Þórhalli Vilmundarsyni prófessor falið að athuga um möguleika á samning Íslandssögu og að hann hafi síðan samband við nefndina.

Jóhanni Sigurðssyni (London) falið að þreifa ^{af} fyrir sér erlendis um það, hvernig bezt væri að haga sér í kynningu og upplýsingaherferð erlendis í sambandi við þjóðhátíðarárið.

Samið var á ný við þá Hörð Ágústsson og Magnús Pálsson um byggingu á líkani af sögualdarbæ.

Fundargerð 19. fundar fylgir hér með.

Rannveig Ágústsdóttir

Þjóðhátíðarnefnd hélt fund laugardaginn 28. febrúar 1970 í Þórsharði kl. 14:00.

Viðstaddir voru eftirtaldir nefndarmenn:

Matthías Johannessen, form., Gís Guðmundsson, Guðlaugur Rósinkrans og Höskuldur Ólafsson.

Fjarverandi voru: *Fredrik G. Þorsteinsson (veðmöggt á Þórsharði)*
Gísli Jónsson og Gunnar Eyjólfsson.

Ennfremur sátu fundinn nefndinni til ráðuneytis prófessor Þórhallur Vilmundarson og Jóhann Sigurðsson forstjóri F. Í. í London.

Matthías setti fundinn og bauð þá Þórhall og Jóhann velkomna.

Síðan bauð hann Þórhall að segja álit sitt á erindi því, er nefndin hafði borið upp við hann, útgáfu Íslendingasögu.

1.mál. Útgáfa Íslendingasögu :

Þórhallur bauð um nánari skýringar á því, hvað nefndin hefði hugsað sér í þessum málum og um hvers konar útgáfu á Íslendingasögu væri að ræða.

Matthías Alþingi Ísl. ætlað til, að saga Íslendinga frá upphafi verði gefin út á vegum þjóðhátíðarnefndarinnar. Nefndin hefur rætt þetta mál og hallast helst að því, að Heimspekideild Háskólans beri ábyrgð á því, hvernig þetta verði skrifað. Þetta verður vandasamt verk, þar sem gæta verður fyllsta hlutleysis. Verkið verður sennilega í 2 bindum, alþýðlegt upplýsingarit um sögu Íslands og einnig til notkunar í skólum. Nefndin hefur ekki hugmyndir um ákveðinn höfund eða höfunda, en gerir ráð fyrir, að þeir verði 2 til 3 eftir ráði Heimspekideildar. Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur hefur óskað eftir því að fá að skrifa um 19. öldina, ef það gæti orðið til samkomulags. Útgefandi verður Þjóðhátíðarnefnd en útgáfan verði með stimpli Háskólans og Heimspekideildar.

Þórhallur kvæðst ekki geta svarað þessari málaleitan nefndarinnar, því hann ^{vissi} ekki, hvort menn Háskólans ^{væru} sefánlegir til slíks verks. Það sé erfitt og vandasamt að hleypa slíku verki af stokkunum og hafi áður verið reynt, en ekki gefið vel. Það þurfi mjög stóran hóp fræðimanna til að velja úr, ef slíkt verk eigi að vinnast vel. Hann tók dæmi frá Danmörku, útgáfu á vegum Politiken um sögu Danmerkur. Þeir hafi haft marga sérfróða menn um hvert tímabil og síðan valið úr hópi margra slíkra manna einn mann, sem hafi svo skrifað söguna á alþýðlegan og læsilegan hátt og byggt verkið á vinnu hinna mörgu sérfróðu manna. Hér er erfitt að fá mjög marga hæfa menn til að skipta með sér verkum. Hér höfum við við sérstakt vandamál að stríða, sem er, að saga Íslands er um margt í deiglunni og veldur það auknum vandamálum. Hér er skortur undirstöðurrannsókna, t.d. liggja ekki fyrir neinar rannsóknir á Mjóðharðindunum, ekkert kortlagt

og ekkert rannsakað til grunna. Ameríkuferðir Íslendinga á 19. öld e alveg órannsakabar. Ekkert vitað um, frá hvaða héruðum fólk tók sig helzt upp né hver var efnahagur þess. Við erum skemmta komnir í rannsóknum á sögu okkar en flest önnur nágrannalönd okkar. Svo dæmi sé tekið, þá eiga sagnfræðingar við Oslóarháskóla t.d. effitt með að finna órannsökuð verkefni í sögu Noregs. Hér á landi er þessu öfugt farið. En ungir og efnilegir menn eru á leiðinni, en flestir skammt komnir í menntun sinni. Það má nefna, að aldamóta-saga okkar hefur verið mikið á dagskrá að undanfögnu, en ekki verið fjallað um hana af sérfróðum mönnum, en mikið um hana skrifað af ófaglærðum.

Við eigum mjög efnilegan sagnfræðing, Gunnar Karlsson, sem kom frá prófborði í janúar s.l. með hæsta prófi, sem tekið hefur verið. Prófrítgerð hans fjallaði um árið 1895 í íslenskri sögu. Af honum má mikils vænta í framtíðinni, en vafamál að það komi þessari útgáfu að gagni.

Sama máli gegnir um sögu Íslands til forna. Þar hafa ekki farið fram neinar viðhlítandi rannsóknir. Margt er þar í mótun og til endurmats.

Vonast Þórhallur til, að nefndinni sé það ljóst, að þetta verði erfitt verk, ef því eigi að gera viðhlítandi skil. Til þess þurfi hóp sérfróðra manna og síðan mann, sem gæti skilað þessu á alþýðlegu og skemmtilegu máli. Prófessorar Háskólans hafa sennilega ekki tíma til að sinna þessu að neinu ráði ^{fyrir} ~~á~~ 1974, nema ef til vill til að ritstýra verkinu. Rektor Háskólans væri upptekinn, ennfremur Þórhallur sjálfur.

Matthías sagði, að það væri ákjósanlegt, ef prófessor Þórhallur gæti komið því við að ritstýra verkinu. Hann treystir próf. Þórhalli til að kynna sér málið á þeim grundvelli, sem hér hafi verið ræddur og komi svo til fundar við nefndina.

Þórhallur kvað já við því, en engin fyrirheit gefin. Hann sagði, að þeir ungu menn, sem hæfastir væru til verksins, væru þegar í skipsrúmi þrálbundnir við sín verkefni, einkum í skólakerfinu. Íslendingar ætt lítið af frjálsum fræðimönnum á þessu sviði.

Nefndarmenn voru sammála um, að þetta væri ákaflega skemmtilegt verkefni, ef unnt væri að leysa það á gíðan hátt og Þórhalli falið að hreyfa þessu máli á þeim stöðum, sem æskilegt væri og kanna undirtekt

Gils Guðmundsson sagði, að upphaflega hefði hugmyndin verið sú, að í tilefni 1100 ára á afmælis Íslandsbyggðar yrði gefið út yfirlitsrit um Íslandssögu, ~~á þessum hefðum koma fram sögum og verkum~~ sem yrði 6 til 8 binda verk. Nefndin hefði þó horfið frá þessari hugmynd, m.a. vegna áðurgreindra vandamála í þessu sambandi. Hins vegar sé æskilegt, að til sé yfirlitsverk, Íslandssaga, sem byggð sé á heimildum hvers tíma, og því hefði nefndin nú áhuga á að koma út verki, ekki mjög stóru, 1 - 2 bindum, sem sé byggð á heimildum þeim, sem fyrir séu í dag. Miðað við undirtektir Aðþingis er von til, að fé fái til þessa verks. Það sé því æskilegt að athugað sé í fyllstu alvöru ~~útgáfu~~ að gefa út yfirlitsverk um sögu Íslands, t.d. í 2 bindum, sem samið sé af 4 til 6 mönnum og ritstýrt af söguþrófessorum. Hefja mætti útgáfau þessa verks og tengja hana 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, enda þótt það væri ekki að öllu fullgert á þeim tímamótum.

Þórhallur sagði það vera reynandi að fara yfir hóp þg yngri manna og efnilegra og athuga, hvernig ástatt væri fyrir þeim með vinnu og annað í þessu sambandi.

Matthías bað Þórhall að hafa samband við sig, þegar hann hafi rannsakað þetta mál.

2. mál. Erlendir ferðamenn afmælisárið 1974.

Gils kemur Matthías sneri máli sínu til Jóhanns Sigurðssonar, sem hann kvað vera ferðamálafulltrúa ríkisins í Evrópu. Einn liðurinn í starfsemi nefndarinnar, sagði Matthías, eru ferðamál í sambandi við hátíðina.

Jóhann Sigurðsson þakkaði tækifæri það, sem honum væri gefið til að tala við þjóðhátíðarnefnd. Hann kvað það nauðsyn fyrir sig í þessu sambandi að vita, hvert fjármagn væri fyrir höndum til að notkunar í auglýsingarherferð í þessu sambandi. Hann kvaðst hafa mikið unnið að landkynningu Íslands, bæði í Englandi og Nið-Evrópu, og þar réði fjármagnið miklu um árangur. Hann bjóst við að Skandinávar hefðu áhuga á að heimsækja Ísland á þessum tímamótum og mætti einnig vekja áhuga í öðrum löndum, því þetta væri einstakt tækifæri, "landnámsafmæli", slíku gætu ekki margar þjóðir státað af.

Við vitum ekki um margt, sem hægt er að koma með á alþjóðavettvangi, sem fengi áheyrn blaða og fjölmiðlunartækja, en þessi viðburður gæti orðið slíkur. Hve mikið fjármagn hafið þið til umráða í þessu skyni?

Matthías kvaðst ekki getað svarað þessu beint, en sagði, að þeir hefði gert sér grein fyrir því, að heimsókn erlendra ferðamanna væri einn stærsti liðurinn í hátíðahöldunum, það hverjir koma, og hvernig væri unnt að notafera sér þetta tækifæri fyrir Ísland. Þetta hefði ekki verið rétt í smáatriðum, aðallega í höfuðdráttum og gert væri ráð fyrir upplýsingastarfsemi og auglýsingaherferð erlendis, en framkvæmdatriði þess ræðu síðar.

Höskuðdur Ólafsson sagði, að hugmyndinni um hótellbyggingu á Þingvöllum væri frestað.

Jóhann Sigurðsson sagði, að þeir (yfírmenn ferðamála erlendis) væru mjög ánægðir, ef þeir fengju tækifæri til að vinna fyrir Ísland á þessum vettvangi. Stærsta gjöf þjóðhátíðarnefndar til þjóðarinnar væri að skapa möguleika á því, að unnt væri að taka myndarlega á móti erlendum gestum, veita þeim góða þjónustu o.s.frv., og myndi sú fyrirgreiðsla endast þjóðinni í mörg ár sem "túrista propaganga" Fleiri og fleiri erlend flugfélög hugsa sér nú að hafa viðkomu á Íslandi, SAS er þegar byrjað, BEA, Lufthansa og fl. eru jafnv. að hugsa sér til hreyfings, og erum við þá komin í tengsl við sk. sölukerfi hinna stóru flugfélaga. Þessi nefnd hefur möguleika á því að byggja hér upp móttökuverkfæri fyrir gesti, ekki eingöngu þá, sem koma á hátíðina, heldur nokkur ár á eftir.

Það þarf að lengja þann tíma, sem menn vilja heimsækja landið. Söguferð Magnúsar Magnússonar er ágæt, en það þarf fleira, t.d. má skipuleggja hingað fuglaskoðunarferðir, fyrst í maí og svo aftur í ágúst, o.fl. o.fl.

Jóhann sagðist hafa margt fleira að segja, þó ekki ynnist tími til þess nú. Hann hlakkaði til að vinna með nefndinni í þessi ár, fram að þjóðhátíð, og fullvissaði nefndarmenn um, að kollegar sínir erlendis hefðu beðið eftir tækifæri sem þessu til að láta til skarar skriða með að kynna Ísland. Í þessu sambandi þarf að gefa út bæklin um sögu landsins, um sögu Reykjavíkur o.fl. Gera þyrfti kvikmynd um Reykjavík frá öndverðu og um hátíðina sjálfa. Gæti slík kvikmynd ekki verið gjöf Reykjavíkurborgar til þjóðarinnar?

Matthías sagði, að hann gæti trúað, sýrservígismenn Reykjavíkurborgar tækju slíkri málaleitan vel. Hann þó síðan Jóhann um það, hvort

hann héldi, að áhugi væri erlendis á hátíð slíkri, sem þessari, og hvað hann héldi um það, að aðgangur fengist að blöðum og útvarpi í þessu sambandi.

Jóhann áleit, að í þessu sambandi væru ótakmarkaðir möguleikar, ef rétt væri að farið. Það mætti ýmislegt gera til að vekja athygli á þessum atburðum. T.d. mætti bjóða þingað vel þekktum mönnum á hátíðina, nefndi í því sambandi Malcolm Muggeridge (M). Slíkt hefði stórkostleg áhrif. Mikilvægt væri að komast í samband við stórmenni, sem hefðu nöfn og heila til að skapa hið rétta andrúmslof.

Matthías fól Jóhanni að þreifa fyrir sér erlendis um það, hvernig við ættum að snúast við þessu verkefni.

Gils Guðmundsson sagðist vera ánægður með, að Jóhann hafði séð sér fært að koma til fundar við þá, og sagðist samþykkur því að biðja Jóhann að athuga, hvernig hægt væri að nota þetta afmæli til þess að efla ferðapjónustu hér. Þá stakk Gils upp á því, að það gæti verið verðugt verkefni í þessu sambandi að fá rétta aðila til að skipuleggja alþjóðþing hér á landi þjóðhátíðarárið. Til væru t.d. menn um allan heim, sem leggðu stund á íselæzku og norræn fræði, og það væri fengur í því að fá þá til að þinga hér einhvern tíma á árinu 1974, og gæti það orðið til framdráttar íslandskum fræðum erlendis. Þá mætti t.d. skipuleggja þing náttúrufræðinga, eldfjalla fræðinga og ef til vill fleiri vísindamanna. Vildi hann biðja Jóhann að athuga þessi mál og koma með ákveðnar hæ hugmyndir.

Guðlaugur Rósinkranz sagði, að gott væri að hefja sem allra fyrst athuganir á þessu, og að Jóhann væri rétti maðurinn til að vera nefndinni til stuðnings um að kynna Ísland erlendis. Hann lét í ljós gleði sína yfir því að hafa fengið Jóhann hingað til skrafs og ráðagerða, og biður hann um að hefjast þegar handa um athuganir og að hann láti nefndina síðan vita.

Jóhann þakkaði traustið, en sagði að lokum, að allt starf til kynningar erlendis krefðist fjármagns, og að í rauninni gæti hann ekki komið með ákveðnar tillögur í þessu sambandi, nema að hann vissi hve miklu fé mætti verja til þessa starfs. Mjög mikilvægt væri, að verulegt fjármagn fengist til framkvæmdanna.

3. mál - Söguáldarbær.

Höskuldur Ólafsson sagði, að hann hefði haft samband við Magnús Pálsson, þann er tekið hafði að sér það verk að byggja líkan af söguáldarbæ, og væri hann hikandi að taka ákvarðanir um framkvæmd verksins. Hörður Ágústsson, sem teikningarnar hefur gert, hafði samband við Landssmiðjuna og hefur fengið loforð fyrir vinnuástöðu til handa Magnúsi þar og og enn fremur loforð fyrir aðstoð við að undirvinna efni, allt án endurgjalds frá Landssmiðjunni. Magnús Pálsson er þá reiðubúinn til að vinna verkið þar í tímavinnu í Landssmiðjunni fyrir 200 kr. á tímann, en var ófús á að taka að sér verkið fyrir fyrirfram umsamið verð. Höskuldur spurði, hvort nefndin væri samþykkt þessari ráðstöfun, ~~og var þessu samþykkt~~ ~~þessu~~ og kváðu allir nefndarmenn já við því.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. rúmlega 3.

Jh. Ludv. G. Þorsd.

Rannveig Ágústsd.

Þ 39175

19. fundur

Þjóðhátíðarnefndar 1974 var haldinn í Þórshamri laugardaginn 18. apríl 1970 kl. 5 síðd. Allir nefndarmenn voru viðstaddir. Auk þeirra sat fundinn Þór Magnússon þjóðminjavörður.

Formaður setti fundinn og bauð Þór Magnússon velkominn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án þess að hún væri upplestin, þar eð allir nefndarmenn höfðu fengið hana vélritaða nokkru eftir síðasta fund. Verður sá háttur hafður á framvegis. Gils kom með þá tillögu, að skrifaður væri útdráttur á öllum samþykktum, sem gerðar hefðu verið í nefndinni frá upphafi, og var það samþykkt.

1. Viðeyjarstofa.

Þór Magnússon: Í vetur minntist ég á þá hugmynd mína við Matthías að halda hátíðlega endurviðgerð Viðeyjarstofu og tengja hana 1100 ára minningarhátíð Íslandsbyggðar 1974. (Hér vísast til bréfs frá þjóðminjaverði til Matthíasar, dags. 16. des. 1969).

Reykjavíkurbær keypti Viðeyjarstofu árið 1968 í því augnamiði að gera hana upp og koma henni í upphaflegt form. Stofan var reist á árunum 1752-1754 og bjó Skúli landfógeti þar fyrstur manna, en síðar feðgarnir Ólafur og Magnús Stephensen. Viðey hefur alla tíð verið merkur staður í Íslandssögunni.

Á árinu 1969 voru til umráða um 1,3 millj. kr. til viðgerðar stofunnar. Var þá hafizt handa um viðgerð á innveggjum stofunnar, sem reyndust mun verr farnir en menn höfðu talið. Einnig voru smíðaðir nýir gluggar úr eik og með upphaflegu sniði. Gerðar voru bráðabirgðalagfæringar á þaki og húsið mælt upp og teiknað og rífið mikið innan úr því af selni tíma viðbótum.

Nú á þessu ári hefur verið veitt 1 millj. kr. til viðgerða, og er ætlunin að taka þakið rækilega í gegn og máttarviði hússins. Þessi viðgerð getur tekið langan tíma, e.t.v. 3 ár í viðbót.

Þór sagði, að hugmynd sín væri fyrst og fremst sú að lýsa endurreisn Viðeyjarstofu í sambandi við hátíðahöldin 1974 og í öðru lagi sú, að með því að fá hátíðanefndina til að leggja áherzlu á þetta mál, mundi það herða á fjárveitingarvaldinu.

Viðeyjarstofa er merkilegt hús. Hún er teiknuð af danska arkitektinum Nicolai Eigtved, einum þekktasta húsameistara Danmerkur fyrr og síðar. Kirkjuna lét Skúli fógeti byggja um 10 árum síðar (ca. 1764). Árið 1910 var stofunni breytt allverulega.

Aðalverk okkar er að færa hana í upphaflegt horf. Arkitektinn hafði hugsað sér húsið tvær hæðir, en þegar ein hæðin var risin, mun mönnum hafa þótt nóg komið og skellt þakinu ofan á. Þetta er okkar eina höll í barokkstíl.

Viðgerðin er meira verk, en við höldum. Ennfremur er erfitt um flutninga á mönnum fram og aftur á hverjum degi og flutningar á sandi og sementi, sem flytja verður í pokum, eins og á 18. öld.

Mér hefur dottið í hug að efna til hátíðahalda, þegar húsið er tilbúið og síðan yrði það tekið í notkun. Ekki er enn ákveðið, til hvers húsið verður notað, meðan enginn akvegur er kominn út í eyna.

Sér nefndin möguleika á því að bæta þessu inn í hátíðahöldin árið 1974? Ekki er víst, að búíð verði að gera við húsið þá, en það yrði þá að hafa það. Það gerir ekki svo mikið, þó að einhverju verði ólokið, en unnt að ganga frá því snyrtilega og opna það.

Matthías (form.) þakkaði þjóðminjaverði góða greinargerð og sagðist mjög fylgjandi því, að opnun Viðeyjarstofu yrði liður í hátíðahöldunum 1974.

Gísli: Er þetta verk, sem ákveðið hefur verið að vinna?

Þór: Já, og veitt er 1 millj. á ári til þess.

Gísli: Verður það okkar verk að útvega meiri peninga?

Þór: Nei, það er mitt verk að útvega peninga, vegna þess að stofan tilheyrir þjóðminjum. En ef þjóðhátíðarnefnd gæfi sinn stimpil, þá væri það auðsóttara fyrir mig.

Matthías: Mér skilst, að það, sem þjóðminjavörður er að fara fram á, sé það, að við veitum endurreisninni okkar siðferðilega stuðning með því að segja stjórnvöldum, að okkur fyndist að hraða ætti viðgerð og að vígsluhátíð yrði liður í þjóðhátíðarhöldunum. Væri þá auðveldara fyrir þór að fá peninga til verksins.

Þór: Já, einmitt. En það vakti fyrir mér líka, að fá þessa rós í hnappagatið í sambandi við hátíðahöldin.

Gísli: Er nokkur áætlun um kostnað þessa verks?

Þór: Upphaflega voru veittar 10,6 millj. kr. til kaupanna (?), en yfirmatið var síðan lækkað niður í 5,8 millj. og álíka upphæð - eða 5 millj. geymdar til viðgerða. - Kirkjan er í allgöðu ásigkomulagi.

Gísli: Kemur vegur út í eyna?

Þór: Í upphafi var talað um hafnargerð í sambandi við Sundahöfn, en hætt við það. Veit ekki, hvort hann kemur. Þeir, sem áður

voru eigendur eyjunnar, hugsuðu sér að stíka hana niður í sumar-
hústaðalönd, en skipulagsnefnd kom í veg fyrir það. Þótt olíu-
höfn og önnur mannvirki risu þar í kring, hefur skipulagsstjóri
ákveðið að geyma Viðey sem náttúru-reservat. Væri vel viðeigandi,
að Viðey yrði að útivistarstað í framtíðinni og ef svo yrði, þá
kæmi vegur.

Gils leizt vel á þessa hugmynd þjóðminjavarðar að láta hraða
endurreisn Viðeyjarstofu og að vígsluhátíðin færi fram 1974.

Ef svo færi, að ekkert lægi þá enn fyrir um það, hvað endanlega þú
yrði gert við hana, hafði honum dottið í hug, hvort ekki væri
hægt að hafa þar minningarsýningu á takmörkuðu sviði, t.d. í
sambandi við húsakost Íslendinga í ll aldir.

Þór áleit, að það gæti vel komið til greina. En aðallega hefði
vakað fyrir þeim að sýna hús Skúla fógeta, eins og það var í
hans tíð, búið húsgögnum o.fl. En við eigum mjög lítið af svo
gömlum húsgögnum hér á landi, sagði Þór, en mér hefur tekizt
að festa kaup á nokkrum munum, t.d. tveimur dragkistum, sem Skúli
átti. Unnt væri að hafa minningarsýningu um Skúla, en ekki fært
að sýna neitt úr klaustrinu af þeirri einföldu ástæðu, að ekkert
hefur varðveitt úr því.

Gísli: Hvernig er með Viðeyjarprent?

Þór: Það hefur vakað fyrir okkur að ná saman öllum þeim Viðeyjar-
bókum, sem við getum klófest. Hugmyndin er, að eintök af þeim
verði geymd úti í Viðey. En erfitt er við þetta að eiga, meðan
enginn er vörðurinn í eyjunni. Framtíðin verður að leysa það,
hvers konar not verða höfð af Viðeyjarstofu. En uppi eru margar
mugmyndir. Mér hefur t.d. dottið í hug, ef vegur kemur út í eyna,
að þar mætti stofna eins konar orlofsheimili fyrir vísindamenn.
En um tómt mál er að tala, meðan samgöngur við eyjuna eru aðeins
á sjó. Það er af, sem áður var, þegar sjórinn var bezta sam-
gönguleiðin.

Matthías: Það mundi auka gildi endurreisnarinnar, ef höfð yrði
sýning á bókum, sem prentaðar hafa verið í Viðey o.fl., og gæti
það orðið glæsilegt framlag Þjóðminjasafnsins. Áhugi ríkir hjá
nefndinni á því, að svo geti orðið.

Gunnar: Er þetta veigamesta verkefni þjóðminjavarðar nú?

Þór: Já. Til viðbótar mætti e.t.v. nefna uppgröft Ingólfsbæjar,
en þetta er stærsta og glæsilegasta verkefni okkar nú.

Gunnar: Ég er með uppástungu um það, hvað gera meg við Viðeyjarstofu, og er hún nokkuð í tengslum við það, að ég er kaþólskur. Hér var eitt sinn á fæð Abbas primus Benediktsmunka. Kom hann hingað til að athuga um það, hvort möguleikar væru fyrir því, að Benediktsmunkar kæmu aftur hingað til Íslands. Væri ekki tilvalið, að þeir gætu fengju að vera í Viðey, þar sem þeir gætu stundað sín vísindastörf, prentið o.fl. og varðveizlu minja?

Þór: Biskup Íslands sagði við mig um daginn: Við skulum gefa kaþólikkum Viðey.

Gunnar: Þetta eru miklir músikmenn, Benediktsmunkar, og listaprentarar. Ef unnt væri að fá þá til að taka þetta að sér, þá væri það ágætt.

Gísli: Er nokkuð varðveitt af prentsmiðjuáhöldum frá Viðey?

Þór: Nei. Aðeins til áhöld úr Hólaprenti frá sama tíma. En skrifborð Stephensensættarinnar eigum við, en ekki mikið annað.

Gunnar skýtur því inn í, að hann eigi fjóra stóla úr eigu Stephensensættarinnar, og á einum þeirra hafi meira að segja Danakóngur setið.

Matthías: Er unnt að koma fyrir einhvers konar minningarsýningu um Jón Sigurðsson?

Þór: Það verður erfitt, vegna þess hve lítið er til úr eigu hans. Eitt herbergi stofunnar verður búið húsgögnum frá 18. öld í barokkstíl. Annað herbergi verður frá 19. öld í empire-stíl. (Fékk í vetur stórt og vandað skatthol, sem mundi sóma sér vel í Viðey). Þriðja herbergið verður sögulegt safn - bækur o .fl. Um lesgáð hinna merku ábúenda Viðeyjar sagði Þór það, að Stephensenarnir væru grafnir að kirkjubaki, en Skúli undir kór kirkjunnar.

Matthías: Er það ekki rétt, að nefndin sé sammála þessari mála-leitan þjóðminjavarðar?

Nefndarmenn svöruðu einróma játandi.

Matthías: Ég talaði við menntamálaráðherra, og sagði hann mér, að ég mætti skýra nefndinni frá því, að þingsályktunartillaga um, að reist yrði þjóðarbókhlaða og bygging hennar tengd hátíðahöldunum 1974 kæmi fram í þinginu á mánudag. Þannig hefur þjóðhátíðarnefnd haft áhrif á framgang þessa máls. Á sama hátt gætum við e.t.v. aðstoðað þjóðminjavörð í Viðeyjarstofumálinu, t.d. með samþykkt eða umsögn. Ef þjóðminjavörður hefur um þetta einhverja sérstaka ósk, þá getur hann komið fram með hana nú.

Dór: Gott væri, ef nefndin lýsti samþykki sínu við þessa tillögu mína. Hefi fyrir nokkrum dögum skilað fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og sagt þar, að við hefðum fullan hug á því, að viðgerðinni yrði lokið fyrir 1974 og fór þess vegna fram á rýmri fjárveitingu á næsta ári. Ef nefndin hefur ástæðu til þess að taka undir þessá beiðni mína við menntamálaráðuneytið, þá þætti mér vænt um þa það.

Matthías: Við munum efna til blaðamannafundar í vor. Verður þar t.d. minnzt á Þjóðarbókhöðuna og gætum við þá minnzt á Viðeyjarstofu um leið. Hátíðahöldin eiga ekki að miðast við einn dag, heldur allt árið og þau eiga að setja sinn svip á líf manna. Nefndin getur að sjálfsögðu ekki stjórnað því öllu, en vill gjarnan stuðla að framgangi allra góðra tillagna í þá átt.

Gísli bar fram tillögu um, að nefndin sendi menntamálaráðherra svo hljóðandi samþykkt:

Nefndin samþykkir að mæla með því við ríkisstjórnina, að fjárveitingar til endurreisnar Viðeyjarstofu verði við það miðaðar, að verkinu megi verða lokið 1974, og verði vígsluhátíð Viðeyjarstofu þá hluti hátíðahaldanna þetta ár.

Tillaga Gísla var einróma samþykkt.

Matthías þakkaði Dór komuna og sagðist vona, að hann væri ánægður með málalok.

Dór þakkaði og sagði svo vera.

2. Ýmis verkefni nefndarinnar og framvinda þeirra.

Höskuldur: Verkið er komið í gang á sögualdarbæ. Hörður Ágústsson telur, að það verði jafnvel komið langleiðina eftir 2 mánuði. Vinnan á þessu líkani verður ekki lakari en á hinu fyrra.

Matthías lagði til, að blaðamannafundinum fyrirhugaða yrði frestað, þar til líkanið af sögualdarbænum væri fullgert, svo að blaðamenn mættu sjá það. Væri það t.d. ekki ágætt að hafa þennan fund nokkru fyrir 17. júní? Hörður Ágústsson og Magnús Pálsson gætu verið viðstaddir þennan fund og lýst líkaninu og gefið skýringar á því.

Þetta var samþykkt.

Matthías: Endaðótt bygging þjóðarbókhlöðu hafi nú verið samþykkt er ósennilegt, að hún verði tilbúin 1974, ef til vill fókheld. Þetta er mikið verk og fjárhagsspursmál, sem dreifist á nokkur ár. Mun kostnaðurinn nema e.t.v. á annað hundrað milljóna.

Hótelmál Þingvalla er dautt. Þið Höskuldur og Guðlaugur fóruð í sérstaka könnun og fenguð ekki neinar undirtektir.

Ritun Íslandssögu. Ég ætla að biðja Indriða að hafa samband við prófessor Þórhall Vilmundarson og fá að vita, hvort að úr þessu verði. Undirtektir hans á síðasta fundi voru nánast neikvæðar. - Nefndarmenn hafa þungaváhuggjur af framgangi þessa máls og þingmenn, sem veitt hafa fé til málefnisins, gera sig ekki ánægða með þetta. Nefndarmenn vilja fá svar frá þeim í heimspekideild, og séu þau svör neikvæð, mun hún reyna að leita annarra úrræða. Nefndarmenn vilja bera þetta mál fram til sigurs.

Útgáfustarfsemi með stimpli þjóðhátíðarnefndar. Ég geri ráð fyrir, sagði formaður, að boða til fundar í nefndinni upp úr kosningum og bjóða þá Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra. Seðlabankinn vill ef til vill gefa út sérstakt rit um Ísland nútímans, og mun sú útgáfa, ef af verður, verða með hátíðabrag og mikilli reisu.

Þá ætla ég að biðja Gils og Indriða að fara í bókaforlögin og spyrjast fyrir um, hvað þeir vilji gera í sambandi við útgáfur merkisrita þjóðhátíðarárið. Öll slík útgáfa hefði yfir sér sama heildarsvip, samræmd í broti og hefði stimpil þjóðhátíðar. Ef einhver forlög vilja gefa út einhver merkisrit, þá þætti okkur vænt um að fá skýrslu um það.

Gils: Ég hef mikið um þetta hugsað. Við ræðum við útgefendurna og segjum þeim frá hugmyndum okkar um að útgáfan eigi að vera samstæð að formi til, en þeir geti komið með sínar eigin hugmyndir og tillögur, sem nefndin fær síðan til athugunar og ákveður, hvort falli inn í rammann. Ég held - til þess að sumarið nýtist sem bezt - að við eigum að skipta með okkur verkum á næsta fundi nefndarinnar. Legg ég til, að fundur verði haldinn sem fyrst. Ýmislegt ynnist betur í sumar, ef ^{tveim} ~~tveir~~ og ^{tveim} ~~tveir~~ úr nefndinni væri falið eitthvað ákveðið verkefni.

Að þessum orðum Gils mæltum las Matthías upp úr fundargerðar-
bók samþykktir nefndarinnar um verkaskiptingu, bls. 20, og var
ritara falið að gefa nefndarmönnum útdrátt úr þessum samþykktum,
svo og öðrum þeim samþykktum, sem nefndin hefur gert frá upphafi.

Síðan ræddu nefndarmenn um það, til hvaða forlaga skyldi leitað, og er það hefði verið gert, gafi undirnefndin skýrslu. Þá var enn fremur rætt um störf nokkurra undirnefnda, sem áður hafa verið skipaðar.

Ákveðið var að skrifa félagasamtökum og sýslunefndum og leita samstarfs og samráðs. Athugun um það, hvort unnt væri að skipa þjóðhátíðarnefnd í hverri sýslu o.fl. Þetta verkefni mun ritari sjá um á næstunni.

Að lokum sagði formaður, að hann vonaðist til þess, að í kjölfar þessa fundar mundi skýrast mjög, hver störf nefndarinnar yrðu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 6½.

Indriði G. Þorsteinsson
ritari

Rannveig G. Ágústsdóttir
Kleppsv. 48, sími 34175.


Hvarfi, Mosfellssveit, 16. sept. 1969

Undirbúningsnefnd Þjóðhátíðar 1974

Hr. Matthías Jóhannessen.

Hér með leyfi ég mér að tilkynna yður, að líkan það af sögu-
aldarba, sem ég hefi unnið að smíði á fyrir nefndina, eyði-
lagðist í eldsvoða í vinnustofu minni hinn 20. júlí s.l.
Allar teikningar af líkaninu björguðust óskemmdar.
Líkanið var óvátryggt.

Virðingarfyllst,



Magnús Pálsson.